

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. júlí 2008
Tilvísun: UST20080500003/sf

Hellisheiðarvirkjun, færsla á vélum 5 og 6 - frekari umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 10. júlí sl. þar sem óskað er eftir frekari umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd í ljósi svara Orkuveitu Reykjavíkur.

Í svörum framkvæmdaraðila koma fram frekari skýringar og upplýsingar um þau atriði sem Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við í umsögn sinni dags. 4. júní sl., þ.e. forsendur framkvæmda, sjónræn áhrif og losun affallsvatns, sem og færslu lækjarfarvegar og vegar inn í Sleggjubeinsdal. Með svarbréfi framkvæmdaraðila fylgir kort sem sýnir sýnileika mannvirkja á Hellisheiði og uppdráttur sem m.a. sýnir núverandi farveg lækjar á framkvæmdasvæðinu og staðsetningu nýs farvegar. Umhverfisstofnun telur að með frekari gögnum framkvæmdaraðila sé gerð fullnægjandi grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Eins og fram kemur í svörum framkvæmdaraðila er ekki um frekari framkvæmdir að ræða heldur breytingu á hluta af framkvæmd. Sú breyting hefur áhrif á sjónræn áhrif framkvæmdanna þar sem upplifun áhorfanda breytist við það að staðsetning mannvirkja breytist. Nýr staður innan virkjunarsvæðisins er tekinn undir mannvirki en á móti dregur úr umfangi mannvirkja á stöðvarhúsreit við Kolviðarhól. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að ekki séu líkur á því að breytingin feli í sér umtalsverð áhrif hvað varðar sjónræn áhrif og áhrif á landslag.

Í svörum framkvæmdaraðila koma m.a. fram frekari upplýsingar um förgun kæli- og þéttivatns. Þar kemur fram að í greinargerð með tilkynningu hafi verið lýst núverandi fyrirkomulagi losunar kælivatns og þéttivatns sem sé tímabundin lausn en að losun kælivatns og umfram þéttivatns frá vélasölum 5 og 6 verði ekki með þeim hætti. Til standi að dæla þéttivatni að niðurrennslisholum og blanda saman við skiljuvatn sem verði losað í dýpri jarðlög niður fyrir grunnvatn. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að losun þéttivatns og skiljuvatns verði strax með þeim hætti og að ekki verði um að ræða tímabundna losun í svelgholur.


Í umfjöllun um færslu lækjarfarvegar kemur m.a. fram í svörum Orkuveitu Reykjavíkur að


færslan muni ekki hafa áhrif á votlendið vestan framkvæmdasvæðisins, þar sem vatnið muni renna út í mýrina á svipuðum slóðum og það gerir í dag. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggt verði óbreytt vatnsflæði í mýrina.

Niðurstaða

Með hliðsjón af þeim gögnum sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að færsla vélasala fyrir vélar 5 og 6 ásamt kæliturnum og öðrum tilheyrandi mannvirkjum austar á virkjunarsvæðið muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Sigurrós Friðriksdóttir
fagstjóri


Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri